



Skoðun Sjávarklasans

10. september 2011

Ω-landið Ísland

Hér er skoðuð möguleg þróun í lýsis- og mjölframleiðslu hérlendis. Gríðarleg tækifæri eru í þessari grein sem nauðsynlegt er að nýta á næstu árum til verðmætaaukningar og til að fjölga störfum.

Með breytingu hugarfars og skynsamlegri nýtingu og þróun í fiskimjöli og lýsi má auka útflutningsverðmæti þessara afurða margfalt og skapa þannig störf og gjaldeyri. Ísland leiti samstarfs við stór alþjóðleg lyfjafyrirtæki um uppbyggingu og þróun omega-3 lyfjaframleiðslu hérlendis.

Til forna er talið að maðurinn hafi neytt omega-3 fitusýra, sem má finna í fiski, í jafn miklu mæli og omega-6 fitusýrur sem aðallega má finna í dýrafitu. Nú er talið að neysla omega-6 fitusýra sé 20-50 sinnum meiri en neysla omega-3. Þetta er meðal annars ástæða fyrir margháttuðum sjúkdómum sem takast þarf á við í nútímapjóðfélagi.

Spurn eftir omega-3 í heiminum er talin vaxa um 10% á ári.¹ Í samanburði við áætlaða stöðnun í vexti í sjávarútvegi í heiminum þá er ljóst að omega-3 býður upp á mörg tækifæri fyrir Ísland sem við verðum að nýta skynsamlega. Sú hugmynd, sem hér er kynnt, snýst um að Íslendingar greini þau tækifæri sem Ω-landið Ísland býður upp á og hvernig megi skapa mun meiri verðmæti og vel launuð störf úr lýsis- og mjölvinnslu en nú er.

Omega-3 er til í mjög takmörkuðu magni í heiminum. Vissulega verður hægt að vinna þessa verðmætu olíu úr meiri fiski, bæði vaxandi fjölda eldisfisks í heiminum og ýmsum tegundum af villtum fiski, en magnið sem er í boði er þó mun minna en líkleg spurn eftir þessari verðmætu olíu. Mikinn og vaxandi áhuga fyrir omega-3 er víða að finna í hinum vestræna heimi. Þetta sést best í því að omega er að verða eins og Xylitol í hinum tryggða heimi;

¹ Frost & Sullivan. Strategic Analysis of the European Marine and Algae Oil Omega-3 Ingredients Market. 2008

Omega-3 er að verða veigamikil heilsubótarefni í lyfja- og heilsugeiranum og viðbótarefni í matvælum; salatolíur eru boðnar með omega-3, brauð eru bætt með omega-3 og svona mætti lengi telja.

Í vaxandi spurn eftir omega-3 felast stórkostleg tækifæri fyrir Ísland. Lýsið okkar getur í náninni framtíð verið selt til lyfjaframleiðslu á allt að áttföldu verði miðað við það sem nú er greitt fyrir lýsistonið.² 20 þúsund tonn af lýsi sem selt yrði á áttföldu verði miðað við núverandi verð mundi þýða milljarðatugi í brúttó auknar útflutningstekjur.

Ef við Íslendingar stöndum skynsamlega að lýsisvinnslu á næstu árum og nýtum enn betur lýsi úr loðnu, makríl og síld, svo dæmi séu tekin, munu þessar vörur leggja grunn að verulegum lífskjarabótum fyrir okkur á komandi árum. Í dag hefur íslenska loðnu-,makríl- og síldarlýsið ekki verið áhugavert hráefni sem fæðubótaefni. Það mun breytast hratt. Loðnulýsið getur verið kjörið lýsi til íblöndunar í matvæli og til lyfjaframleiðslu.

Það eru ekki mörg ár síðan lýsi var sett á flöskur eða flutt út í stórum förmum. Nú hefur þetta breyst til batnaðar með öflugum fyrirtækjum á borð við Lýsi hf. En það eru enn tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld og lýsisframleiðendur að standa saman um að kynna Ísland fyrir alþjóðlegum lyfjafyrirtækjum sem ákjósanlegan samstarfsaðila um þróun og framleiðslu á omega-3 fyrir lyfjaframleiðslu.

En það er ekki bara lýsið. Fiskimjölið er næst á dagskrá. Það eru alveg sambærileg – ef ekki meiri tækifæri með íslenska fiskimjölið. Þótt hátt verð fáið fyrir íslenskt fiskimjöl sem dýrafóður þá liggja tækifærin í hagnýtingu fiskimjöls til manneldis. Ekkert prótín hefur komið fram með álíka eiginleika og næringu til dýrafóðurs og fiskimjölið. Það segir okkur að í fiskimjölinu liggja faldar auðlindir til framtíðar. Fiskimjöl verður orðin eftirsótt vara til manneldis og lyfjagerðar innan ekki margra ára og þar þurfa íslensk fyrirtæki að vera í fararbroddi. Strax þarf að hefjast handa um að byggja eða endurgera fiskimjölsverksmiðjur héraðs sem standast allar kröfur um framleiðslu til manneldis. Breytum hugsunarhætti og hvetjum fóðuriðnað að uppfylla kröfur matvæliðnaðar. Ef spurnin er jafn mikil til framtíðar og gefið er til kynna í alþjóðlegum markaðsrannsóknnum á þessu sviði þá er alltof dýrt að selja okkar góða prótín sem skepnufóður til framtíðar.

Fiskimjölið hefur einstaklega jákvæða samsetningu og margar rannsóknir sýna klíniska kosti fiskimjöls. Sýnt hefur verið fram á að fiskimjöl lækkar blóðþrýsting og hefur marga náttúrulega eiginleika. Íslendingar eiga færa sérfræðinga á þessu sviði sem starfa bæði hér og erlendis. Þá þekkingu og reynslu þarf nú að nýta. Hver veit nema að Ölgerðin geti orðið stærsti fiskipróteínframleiðandi í drykkjarframleiðslu í Evrópu, Matís stærst í rannsóknnum í fiskipróteínum og stórir lyfjarisar orðið samstarfsaðilar fóður- og lýsisfyrirtækja héraðs. Stefna ber að því að alþjóðleg lyfjafyrirtæki setji hér upp þróun og vinnslu á omega-3 í nánunni

² Samkvæmt upplýsingum frá Baldri Hjaltasyni hjá Epax í Noregi.

samstarfi við Íslenskan Lýsis- og mjöliðnað. Þessi háþróaða fiskvinnsla er án efa sú nútíma fiskvinnsla sem best getur greitt starfsfólki og boðið krefjandi störf fyrir vel menntað fólk.

Við erum með gullnámu í sjónum í kringum Ísland. Norðmenn áætla að velta í omega-3 fæðubótaefniðnaði tvö- eða þrefaldist á tiltölulega skömmum tíma. Kanadamenn leggja kapp á að fjárfesta í omega-3. Tækifærin á þessu sviði eru mikil en það þarf framtíðarstefnumörkun og víðtækt samstarf rannsóknastofnana, sjávarútvegs, innlands og alþjóðlegs iðnaðar og stjórnvalda til að nýta þau sem best.

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttuð starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.